

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 9. tbl. 9. árg. 21. maí 2015

Myndir augnabliksins eru frá Pálmholti og sýna elstu börnin í árlegri heimsókn hjá slökkviliði Akureyrar.



Viðurkenningar skólanefndar Akureyrarbæjar.

Þriðjudaginn 26. maí kl. 17.00 boðar skólanefnd Akureyrarbæjar til samkomu í Menningarhúsinu Hofi - Hömrum, þar sem nemendum, kennurum og starfsmönnum við skóla Akureyrarbæjar verða veittar viðurkenningar fyrir að hafa skarað fram úr í starfi. Þetta er í sjötta sinn sem skólanefnd stendur fyrir samkomu sem þessari en hún er í samræmi við áherslur í skólafestu Akureyrarbæjar. Óskað var eftir tilnefningum um nemendur og starfsmenn eða verkefni sem talin voru hafa skarað fram úr í skólastarfi. Valnefnd sem skipuð var fulltrúum frá skólanefnd, samtökum foreldra og miðstöðvar skólaþróunar HA fór yfir allar tilnefningar og gerði tillögu til skólanefndar sem hún samþykkti á fundi sínum þann 13. maí sl. Nöfn þeirra einstaklinga og verkefna sem hljóta viðurkenningar þetta árið verða kunngjörð á samkomuni og hefur þeim þegar verið sent boðskort á samkomuna.


Sveitaferðir hjá leikskólunum.

Nú standa yfir sveitaferðir hjá leikskólum Akureyrar. Gaman er að skoða myndir á heimasíðum skólanna og sjá gleðina og spennuna í svip barnanna. Hvað er dásamlegra en að fá að halda á nýfæddu lambi, klappa kálfi og njóta sveitasælunnar? Hér má sjá nokkrar skemmtilegar myndir frá leikskólanum Iðavelli í heimsókn á Kristnesi en þar sáu börnin kýr, kindur, hesta, kanínur og fiska.



Heimsókn á Listasafnið.

Álf- og dvergadeild Hulduheima, börn fædd 2010 og 2011 fór á dögum á Listasafnið. Farið var með strætó niður í bæ og gengið frá miðbænum í Ketilhúsið. Þar skoðuðu þau sýninguna „Sköpun bernskunnar“ en þátttakendur í sýningunni eru nemendur leik- og grunnskóla Akureyrar, Leikfangasýningin í Friðbjarnarhúsi og tíu starfandi myndlistamenn. Þemað er börn og sköpun barna en auk þess er hverjum skóla frjálst að velja sitt eigið tengda þema, t.d. leiki og leikföng. Á sýningunni gátu börnin m.a. séð eigin listaverk ásamt mörgum fallegum verkum.



Skóla-akur er veftimarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrisey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Oddeyrarskóli hlýtur Erasmus+ styrk.

Oddeyrarskóli hefur hlotið Erasmus+ styrk í flokknum „Nám og þjálfun“. Upphæð styrksins er tæplega 16 þúsund evrur og er hann til tveggja ára. Styrkféð verður nýtt til endurmenntunar kennara og stjórnenda til að styðja við þau þróunarverkefni sem skólinn er að vinna að. Í fyrsta lagi sækja tveir stjórnendur námskeið um það að styðja við starfsþróun innan skólans, í öðru lagi verður styrkféð nýtt til að heimsækja skóla í Bretlandi sem hafa náð langt í að nýta samræður í skólastarfi og í þriðja lagi heimsækja kennarar úr skólanum breska skóla sem nýta upplýsingatækni í skólastarfi með árangursríkum hætti.

Umsóknin þótti mjög góð og í niðurstöðum matsaðila segir „Verkefnið er sannfærandi og skýrir vel þörfina fyrir áætlaðar ferðir starfsmanna og hvernig ferðirnar hanga saman við verkefnið í heild sinni.“ Umsóknin hlaut 85 stig af 100 mögulegum.

Lundarskóli hlýtur styrki.

Leiðtogi Lundarskóla í þróunarverkefninu „Heilsueflandi grunnskóli“ sótti um styrk til Lýðheilsusjóðs vegna verkefnisins „Heilsu og hreyfingarátak Lundarskóla. Verkefnið er til þess fallið að auka þekkingu nemenda og starfsfólks á heilsu og heilsueflingu, vekja athygli á mikilvægi heilsunnar, auka forvarnir og hreyfingu í skólanum. Það er skemmt frá því að segja að skólinn hlaut styrk til verkefnisins. Stjórnendur skólans sóttu einnig um styrk til Rannís, Erasmus+ undir flokknum Nám og þjálfun, til þess að sækja námskeið/ráðstefnu sem tengist starfsþróun stjórnenda og stuðningi þeirra við starfsþróun. Skólastjórnendur fengu einnig styrk sem þeir munu nýta sér á næsta skólaári.

Sumarlestur.

Sumarnámskeiðið **Sumarlestur – Akureyri bærinn minn** er haldið í júní ár hvert og verður svo einnig á komandi sumri og verður það 15. skiptið. Að námskeiðinu standa Amtsbókasafnið og Minjasafnið á Akureyri í samstarfi við aðrar menningarstofnanir bæjarins. Námskeiðin eru 8. - 12. júní, 15. - 19. júní (frí 17. júní) og 22. - 26. júní.

Sumarlestur er lestrarhvetjandi námskeið fyrir börn í 3. og 4. bekk, með áherslu á menningu og sögu Akureyrar. Rauði þráður námskeiðsins er lestur. Þá er bæði átt við bóklestur en einnig læsi á umhverfið. Lesið verður í minjar og sögu, list og náttúru. Þannig er lesið í lífið og tilveruna alla námskeiðsdagana og jafnvel lengur því vonandi fylgir börnunum áfram sú meðvitund sem vaknar varðandi umhverfi þeirra og sögu. Undir leiðsögn safnfræðslufulltrúa kynnst börnin starfsemi Amtsbókasafnsins, Minjasafnsins og annarra menningarstofnana. Börnin kynnst starfsemi sem þarna fer fram í samhengi við markmið námskeiðsins.

Skráning hefst 26. maí, kynningarefni verður dreift til nemenda í skólum bæjarins.

Sé frekari upplýsinga óskað má hafa samband við safnfræðslufulltrúa safnanna:

Ragna Gestsdóttir á Minjasafninu á Akureyri á netfanginu ragna@minjasafnid.is

Herdís Anna Friðfinnsdóttir á Amtsbókasafninu á netfanginu herdisf@akureyri.is

Kammerkór frá Þýskalandi.

Samkór söngdeilda Tónlistarskólans á Akureyri heldur tónleika ásamt Elikuren – kammerkór frá Þýskalandi í Akureyrarkirkju miðvikudaginn 27. maí kl. 18:00.

Stjórnandi er Christiane Kampe.

Elikuren er kammerkór sem samanstendur af nemendum Tónlistarskólans í Wunsdorf, þar sem Christiane Kampe hefur verið að kenna söng síðastliðin 27 ár.

Í kórnum eru um 25 meðlimir. Flestir söngnemendur frá Kampe eru á aldrinum 18 til 30 ára. Á efnisskrá kórsins er að finna allt frá barokk og klassík upp í rokk, jass og söngleiki.

Sjá nánar á: <http://www.tonak.is/is/skolinn/frettir/heimsokn-fra-thyskalandi>

Verkefni um húsdýrin í Síðuskóla.

Síðustu vikur hafa nemendur í 1. bekk unnið ýmis verkefni um húsdýrin. Foreldrum var síðan boðið í heimsókn til að sjá afraksturinn. Þar voru sýnd leikrit og sungið ásamt því að sýna alls kyns verk sem nemendurnir hafa unnið um húsdýrin.



Næsti Skóla-akur kemur út fimmtudaginn 4. júní.